

Sþ.

95. Tillaga til þingsályktunar

[75. mál]

um afréttamálefni.

Flm.: Karl Kristjánsson, Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson,
Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við Búnaðarfélag Íslands gera yfirlit um þá sauðfjárafretti í landinu, sem eru svo víðáttumiklir, að fullnægjandi haustleitir á þeim eru vegna mannfæðar ofviða þeim sveitum, er að standa. Að fengnu því yfirliti — eða samhliða öflun þess — láti ríkisstjórnin, einnig í samráði við B. F. Í., gera athugun á því, hvernig haganlegast verði fyrir komið nauðsynlegri og sanngjarnri þátttöku ríkisins í fjárhreinsun þessara afrétta.

Ríkisstjórnin leggi skýrslu um málið fyrir Alþingi, svo fljótt sem við verður komið.

Kostnaður við athugun þessara mála, skv. þingsályktun þessari, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Einhverjar allra fyrstu samfélagskvaðir á Íslandi voru fjallskilaskyldur. Búféð rásaði um víðerni ógirtra sumarhaga, og eigendur gátu ekki náð því heim til sín á haustin, nema með víðtækum samtökum og samhjálp.

Á umliðnum öldum hafa fjallskilaskyldur verið inntar af höndum um allar byggðir landsins með föstu skipulagi og yfirléitt ströngu, mótuðu af þörfum og hefð, og víðast hvar, er tímar liðu, studdu með reglugerðum, er samdar hafa verið af héraðsstjórum, miðaðar við staðhætti, og staðfestar af landsstjórninni.

Á þennan hátt varð til — og þróaðist án mikillar löggjafar — fjallskilakerfi um land allt, þar sem hver sveit hefur sitt svæði að annast ein eða með öðrum eftir því, hvernig afréttarlöndin liggja og féð sækir á þau.

Með þessu tókst að tryggja allvel fjárheimtur og skipta með nokkrum jöfnuði leitarkvöðinni milli manna.

Nú er fjallskilakerfið að rofna á sumum stöðum vegna fólksfækkunar þar.

Þegar fólki fækkar í einhverri sveit, minnkar afréttur sveitarinnar ekki, en færri verða til að smala hann, göngurnar þyngjast, verða erfiðari vegna mannfæðarinnar og sauðfjárheimturnar ótryggari.

Er nú svo komið, að til er, að erfið aðstaða í þessum efnunum er með gildum rökum talin veigamikil ástæða til brottflutnings úr byggðarlögum.

Hér verður þjóðfélagsheildin að leggja lið, svo að þessir örðugleikar slíti ekki bólfesturætur fólks, — eða verði sumum um megn.

Dæmi um sveitir, sem hafa sérstaklega erfiða aðstöðu í þessum efnunum, má nefna á Norðurlandi: Hólsfjöll, og sums staðar á Vestfjörðum, t. d. á Snæfjallaströnd.

Hver sá, er litur á Íslandskortið, getur séð, þó að staðkunnugleika skorti, hversu gífurlegar víðáttur fáliðarnir, sem nú búa á Hólsfjöllum (Efrafjall með talið), þurfa að smala.

Hinir fáu bændur á Snæfjallaströnd verða nú í vaxandi mæli að gera leitir að fé sínu í lönd Grunnvíkurhrepps, síðan hann fór í eyði, auk þess að smala sín eigin lönd.

Vel má vera, að fleiri byggðir séu sambærilegar að erfiðleikum við þessar tvær, sem hér eru sérstaklega nefndar, og áreiðanlega eru ýmsar fleiri illa settar. Tillaga okkar er einmitt sú, að þetta verði rannsakað. Rannsóknin nái til landsins alls. Yfirlit verði gert um það, hvar úrbóta er þörf, og athugað, hvað bezt má gera til nauðsynlegrar liðveizlu og jöfnunar innan hins langþróaða fjallskilakerfis, sem orðið hefur fyrir undirstöðuröskun sökum búsetubreytingar þjóðarinnar, en er þó óhjákvæmilega nauðsynlegt í aðalatriðum eftir sem áður.

Í þessum efnunum liggur ljóst fyrir, að þjóðfélagsheildin verður að leggja til það, sem á skortir, að fáliðarnir séu þess megnugir — án ofraunar — að fylla skarð þeirra, er brott fóru, svo að féð náist úr afréttunum, — fé þeirra sjálfra og annarra. Vegna þess, hve sauðkindin rásar víða, má ekki láta neinn afrétt ógenginn á hausti, jafnvel þótt hlutaðeigandi sveit sé orðin sauðlaus og mannlus.

Sauðfjárheimtur eru hagsmunamál fjáreigenda, en auk þess er það rík mannaúðarskylda að láta ekki búfé verða úti — eða liða nauð — á afréttum.